Sunnudaginn 15. maí 1938 var aðalfundur Hestamannafélagsins „Glaður“ haldinn að Nesodda. Mætti voru 20 félagsmenn.

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Formaður setti fundinn og las upp fundargjörð síðasta aðalfundar og reikning félagsins fyrir síðastliðið ár, var hann samþykktur í einu hljóði.
2. 7. menn sóttu um inntöku í félagið og voru þeir samþykktir með öllum atkv.
3. Rætt um kynbótahest fyrir félagið. svohljóðandi tillaga kom fram Fundurinn felur stjórn félagsins að kaupa eða leigja graðhest fyrir næsta vor. var hún samþykkt með öllum greiddum atkv.
4. Kosin stjórn félagsins

Jón Sumarliðason formaður með 21. atkv

Sumarliði Jónsson gjaldkeri -- 16 --

Flosi Jónsson ritari með 11. atkv.
varastjórn: Magnús Guðmundsson formaður
— " — Gísli Þorsteinsson gjaldkeri
— " — Bjarni Gíslason ritari
Endurskoðendur: Gísli Þorsteinsson og
Friðfinnur Sigurðsson til vara Pálmi
Jónasson og Pétur Sveinsson
5. Samþykt að halda kappreiðar á yfirstandandi sumri. Kappreiðadagur ákveðinn 3 júlí
6. Kosnir til að sjá um merkjasölu á kappreiðunum. Jens Bjarnason aðalmaður honum til aðstoðar Ólafur B. Gunnlaugsson Jósep Jónsson Eleifur Guðnason Sumarliði Kristjánsson Pálmi Jónasson Bergjón Kristjánsson og Jón Eyjólfsson
7. Til að sjá um sölu á merkjum að dansinum Flosi Jónsson
8. Kosnir til að sjá um dansinn:
Magnús Rögnvaldsson Gestur Jósepsson.
Grímur Jónsson og Oddur Eysteinsson

9. Samþykt tilboð Guðlaugs Magnússonar um að taka að sér veitingar á kappreiðunum gegn 80:Kr. gjaldi og kaffi með kökum fyrir 60. manns.
10. Kosnir í dómnefnd:
Ásgeir Ásgeirsson prófastur
Bjarni Gíslason og Andres Magnússon
til vara Sigvaldi Indriðason
Ræsir Gísli Þorsteinsson
11. Verðlaun á kappreiðunum skulu vera óbreytt og síðastliðið ár að öðru en því að 1. verðlaun á skeiði hækki uppí 100. kr.
12. Kosnir til að sjá um aðgjörð skeiðvallarins Gestur Jósepsson og Friðfinnur Sigurðss
13. Fundurinn fólu Magnúsi Guðmundssyni Magnúsi Rögnvaldssyni og Guðlaugi Magnussyni að koma upp danspalli fyrir næstu kappreiðar. Upplesið. Samþykt. Fundi slitið

Gísli Þorsteinsson
(ritari)